

Alþingi
Félagsmálanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5.maí 2004

Tilvísun: 2004040074/0.03.01

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald 855. mál.

Vísað er til bréfs yðar dags. 7. apríl 2004 sem barst okkur 20. apríl sl., þar sem farið er fram umsögn um ofangreint frumvarp.


Allt frá því að sérstök stofnun var sett á laggirnar til að stuðla að öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum árið 1929 hefur reksturinn verið fjármagnaður með gjöldum sem fyrirtækin greiða.

Við undirbúning nágildandi vinnuverndarlaga varð samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um að sjálfstæði Vinnueftirlitsins og fjárhagslegur grundvöllur yrði tryggður með sérstöku gjaldi, vinnueftirlitsgjaldi sem lagt yrði á sama gjaldstofn og slysatryggingagjald til Tryggingastofnunar. Árið 1991 var þetta gjald fellt inn í tryggingagjald vinnuveitenda til hagræðis við álagningu og innheimtu. Nú er lagt til að fella þennan markaða tekjustofn stofnunarinnar niður. Þar með yrði horfið frá því grundvallaratriði að atvinnulífið greiði kostnað af rekstri stofnunarinnar.

Þó hlutdeild stofnunarinnar í tryggingagjaldi hafi farið nokkuð lækkandi hefur þetta fyrirkomulag þó leitt til þess að stofnunin hefur getað brugðist við auknum umsvifum á vinnumarkaði og nýjum verkefnum sem fylgja samfélagsbreytingum, nýjum lagaákvæðum o.fl. Nú síðast reyndist unnt að bregðast að hluta við auknum verkefnum tengdum stórförum á Austurlandi þó ekki kæmu til auknar fjárveitingar.

Í ljósi ofanritaðs hvetur undirritaður til þess að fundin verði leið til þess að stofnunin verði áfram fjármögnuð með launatengdum gjöldum vinnuveitenda.

Virðingarfyllst,


Eyjólfur Sæmundsson,
forstjóri